

HEIM3BP05

Þekkingarfræði.

Áfanginn er á þriðja þrepi og er HEIM2AA05 undanfari.

Stutt lýsing á efni áfangans

Í áfanganum verður fengist við hugartilraunir úr sögu heimspekinnar sem tengjast tungumáli, hugsun, þekkingu og vísindum. Hvernig veit ég að ég er ekki heili í krukku? Hvernig er að vera leðurblaka? Skip Þeseusar. Rakarapversögnin. Draugurinn í vélinni. Og fleiri.

Markmið áfangans er að fást við gátur, gera grein fyrir hugsun sinni og setja í samhengi við hugmyndir heimspekinga.

Nokkur lykilhugtök áfangans:

Þekking, hugsun, rökhyggja, raunhyggja, meðvitund, sönnun, afleiðsla, aðleiðsla, efi, kenningar um sannleika, reynsla, skynjun, eiginleikar.

Námsmat:

Mæting, þátttaka, verkefni.
